



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA



Aðferðir við að meta fjölda og taka úrtak meðal ferðamanna

Áfangaskýrsla um verkefnið:
Þolmörk ferðamanna á átta vinsælum
ferðamannastöðum á Suður- og Vesturlandi

Anna Dóra Sæþórsdóttir
Gyða Þórhallsdóttir
Rögnvaldur Ólafsson

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2014

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurlóð, IS-600 Akureyri
Sími: (+354) 460-8930
Fax: (+354) 460-8919
Rafpóstur: rmf@unak.is
Veffang: www.rmfi.is

Titill: Aðferðir við að meta fjölda og taka úrtak meðal ferðamanna. Áfangaskýrsla um verkefnið: Polmörk ferðamanna á átta vinsælum ferðamannastöðum á Suður- og Vesturlandi

Höfundur: Anna Dóra Sæþórsdóttir, Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson.

Kápa: Ásprent-Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála
Prentun: Stell (www.stell.is)

Númer: RMF-S-06-2014
ISBN: 978-9935-437-31-0
ISSN: 1670-8857

Forsíðumynd er af bílplaninu við Jökulsárlón með Öræfajökul í baksýn, ágúst 2014.
Ljósmynd: Rögnvaldur Ólafsson ©

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Aðferðir við að meta fjölda og taka úrtak meðal ferðamanna

Áfangaskýrsla um verkefnið:

Þolmörk ferðamanna á átta vinsælum ferðamannastöðum
á Suður- og Vesturlandi

Anna Dóra Sæþórsdóttir

Gyða Þórhallsdóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Formáli

Vegna mikillar fjölgunar ferðamanna hér á landi og þess álags sem af því skapast hafa spurningar vaknað um hvort ferðamenn séu nú þegar of margir á vinsælustu áfangastöðum landsins, þ.e. hvort þolmörkum þeirra sé náð. Í ljósi þessa óskaði Ferðamálastofa eftir því við Háskóla Íslands að rannsaka fjölda ferðamanna og viðhorf þeirra á átta fjölförnum áfangastöðum á Suður- og Vesturlandi. Þeir eru Djúpalónssandur, Geysir, Hakið á Þingvöllum, Hraunfossar, Húsadalur í Þórsmörk, Jökulsárlón, Seltún og Sólheimajökull.

Dr. Rögnvaldur Ólafsson dósent (emerítus) í eðlisfræði við Háskóla Íslands, stjórnarformaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og fyrrum forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands stýrir þeim verkþætti sem snýr að mati á fjölda ferðamanna. Til þess eru m.a. notaðir bifreiðateljarar sem telja farartæki. Talið verður í rúmt ár, frá vorinu 2014 fram á haust 2015. Rögnvaldur vann úr gögnunum sem snúa að fjölda ferðamanna, setti þau fram og skrifaði þann hluta skýrslunnar.

Dr. Anna Dóra Sæþórsdóttir dósent í ferðamálafræði við Háskóla Íslands er verkefnisstjóri í þeim hluta sem snýr að viðhorfskönnun meðal ferðamanna. Notaðir eru spurningalistar sem er dreift á þremur tímabilum. Tímabilin eru sumar (miður júní til ágúst 2014), jaðartími að hausti (lok september til byrjun nóvember 2014) og vetur (febrúar til mars 2015).

Í þessari áfangaskýrslu er aðferðafræðinni lýst sem beitt var við gagnasöfnun sumarið 2014, bæði hvað varðar talningar á ökutækjum og dreifingu spurningalista til ferðamanna. Aðferðafræði við úrvinnslu gagnanna er einnig lýst.

Ferðamálastofu eru færðar þakkir fyrir fjármögnun verkefnisins og frumkvæðið að því að þessi rannsókn var gerð. Rannsóknamiðstöð ferðamála er þakkað fyrir fjárframlag og faglega aðstoð, sérstaklega frá Edward H. Hujbens og Eyrún J. Bjarnadóttir þakkir fyrir yfirlestur skýrslunnar og góð ráð. Guðrúnu Rósu Þorsteinsdóttur forstöðumanni og Evu Halapi sérfræðingi hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri er þakkað fyrir gott samstarf og góð ráð við uppsetningu og skönnun spurningalistanna. Björgvini Ragnarssyni framkvæmdarstjóra Háskólaprents er þakkað fyrir aðstoðina og skjót viðbrögð þegar prenta þurfti spurningalista með litlum fyrirvara. IKEA er þakkað fyrir að leggja verkefninu til blýanta til að svara spurningalistunum. Leiðsögumönnum, fararstjórum, bílstjórum, ferðamönnum

sem svöruðu spurningalistunum og öðrum er aðstoðuðu okkur við rannsóknina er þökkuð aðstoðin.

Viðhorfskönnunin meðal ferðamanna er hluti af doktorsverkefni Gyðu Þórhallsdóttur. Mikill hluti vinnunnar hefur hvílt á herðum hennar og skrifaði hún þann hluta skýrslunnar sem snýr að viðhorfskönnuninni. Rannsóknamiðstöð ferðamála greiddi laun doktorsnemans og kostaði útgáfu skýrslunnar. Edward H. Huijbens og Eyrún J. Bjarnadóttir sérfræðingar RMF veittu jafnframt góð ráð við gerð skýrslunnar. Verkefnið hefur jafnframt verið kynnt og rökrætt á rannsóknardögum doktorsnema í ferðamálafræði sem RMF hefur staðið fyrir.

Meistarane munum Margréti Sævarsdóttur og Zsófia Cságoly, BS-nemendunum Silju Gunnarsdóttur og Kristjáni Smárasyni og landfræðingunum Ingunni Árnadóttur og Gísla Bjarka Guðmundssyni eru þökkuð röskleg framganga við að dreifa spurningalistum til ferðamanna oftast í kulda og slagviðri í sumar.

Anna Dóra Sæþórsdóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Spurningakönnunin	3
2.1	Undirbúningur gagnasöfnunar	3
2.2	Stærð úrtaks.....	4
2.3	Framkvæmd spurningakönnunarinnar	6
2.4	Úrvinnsla og lagskipting úrtaksins	7
3	Mat á umferð og fjölda ferðamanna.....	11
3.1	Uppsetning og kvörðun bifreiðateljara.....	11
3.2	Meðhöndlun gagnasafnsins.....	15
4	Niðurstöður	17
4.1	Vigtun gagna með hliðsjón af samsetningu þýðisins.....	17
4.2	Fjöldi gesta á rannsóknastöðunum.....	22
5	Lokaorð.....	29
6	Heimildaskrá.....	31
	Viðauki A - Djúpalónssandur	33
	Viðauki B – Geysir.....	41
	Viðauki C - Hakið á Þingvöllum.....	49
	Viðauki D - Hraunfossar.....	57
	Viðauki E - Húsadalur í Þórsmörk	65
	Viðauki F - Jökulsárlón.....	73
	Viðauki G - Seltún	81
	Viðauki H - Sólheimajökull.....	89
	Viðauki I - Spurningalistar	97
	Viðauki J - Kynningar	107

Myndaskrá

1. mynd. Gagnasöfnunarstaðirnir.	2
2. mynd. Undirbúningur gagnasöfnunar.	3
3. mynd. Teljari.....	12
4. mynd. Bifreiðateljara komið fyrir í vegkanti.....	12
5. mynd. Skaftafell: Dæmi um kvörðun teljara við heimreiðina.	13
6. mynd. Skaftafell: Fjöldi í einkabílum.	14
7. mynd. Djúpalónssandur: Gestir á dag.	23
8. mynd. Geysir: Gestir á dag.	23
9. mynd. Hakið: Gestir á dag.	23
10. mynd. Hraunfossar: Gestir á dag.....	24
11. mynd. Húsadalur: Gestir á dag.....	24
12. mynd. Jökulsárlón: Gestir á dag.	24
13. mynd. Seltún: Gestir á dag.	25
14. mynd. Sólheimajökull: Gestir á dag.....	25
15. mynd. Djúpalónssandur: Gestir á mánuði.....	26
16. mynd. Geysir: Gestir á mánuði.....	26
17. mynd. Hakið: Gestir á mánuði.....	26
18. mynd. Hraunfossar: Gestir á mánuði.	26
19. mynd. Húsadalur: Gestir á mánuði.....	26
20. mynd. Jökulsárlón: Gestir á mánuði.....	26
21. mynd. Seltún: Gestir á mánuði.....	27
22. mynd. Sólheimajökull: Gestir á mánuði.	27
23. mynd. Fjöldi gesta á mánuði.	27

Töfluskra

1. tafla. Stærð úrtaks með tilliti til þýðis.	5
2. tafla. Áætluð úrtaksstærð eftir rannsóknarstöðum.	6
3. tafla. Gagnasöfnunardagar og tímar sumarið og haustið 2014.	6
4. tafla. Lagskipting úrtaksins eftir ferðamáta.	8
5. tafla. Skaftafell: Hlutfall einkabíla og rúta.	13
6. tafla. Meðalfjöldi fólks í ökutækjum samkvæmt umferðarkönnunum Vegagerðarinnar borinn saman við handtalningu í Skaftafelli.	14
7. tafla. Skaftafell: Meðalfjöldi í ökutæki.	15
8. tafla. Meðalfjöldi farþega í rútu og fjöldi rúta að sumri og hausti.	16
9. tafla. Fjöldi ökutækja, fjöldi fólks og fjöldi í ökutæki á gagnasöfnunartímanum.	18
10. tafla. Svaraðir spurningalistar.	19
11. tafla. Skýringar og formúlur vegna vigtunar úrtaks.	20
12. tafla. Dæmi: Hakið, flokkun ferðamanna eftir ferðamáta.	20
13. tafla. Dæmi: Hakið, áhrif vigtunar á fjölda spurningalista: Ánægja gesta með dvölinna.	21
14. tafla. Dæmi: Hakið, vigtun niðurstaðna. Ánægja gesta með dvölinna meðaltal og staðalfrávik.	21
15. tafla. Öryggisbil m.v. 95% öryggismörk.	22
16. tafla. Fjöldi gesta á mánuði.	28
17. tafla. Meðalfjöldi gesta á dag á háönn.	28

Efnisyfirlit - myndir í viðaukum

Djúpalónssandur

1A. mynd. Djúpalónssandur: Kvörðun teljara 23., 25., 27. og 28. júní 2014.	34
2A. mynd. Djúpalónssandur: Gestir á dag.	34
3A. mynd. Djúpalónssandur: Gestir á viku.	35
4A. mynd. Djúpalónssandur: Gestir á mánuði.	35
5A. mynd. Djúpalónssandur: Gestir á klukkustund á háönn.	36
6A. mynd. Djúpalónssandur: Gestir á klukkustund allt mælitímabilið.	36
7A. mynd. Djúpalónssandur: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	37
8A. mynd. Djúpalónssandur: Bifreiðar á klukkustund allt mælitímabilið.	37
9A. mynd. Djúpalónssandur: Gestir á dag á háönn.	37
10A. mynd. Djúpalónssandur: Gestir á dag allt mælitímabilið.	37
11A. mynd. Djúpalónssandur: Bifreiðar á dag á háönn.	38
12A. mynd. Djúpalónssandur: Bifreiðar á dag allt mælitímabilið.	38

Geysir

1B. mynd. Geysir: Samanburður við umferð á Hakinu.	41
2B. mynd. Geysir: Fylgni milli umferðar við Geysi og á Hakinu.	42
3B. mynd. Samanburður á fjölda milli bifreiðateljara við Geysi.	42
4B. mynd. Geysir: Gestir á dag.	43
5B. mynd. Geysir: Gestir á viku.	43
6B. mynd. Geysir: Gestir á mánuði.	44
7B. mynd. Geysir: Gestir á klukkustund á háönn.	45
8B. mynd. Geysir: Gestir á klukkustund allt mælitímabilið.	45
9B. mynd. Geysir: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	45
10B. mynd. Geysir: Bifreiðar á klukkustund allt mælitímabilið.	45
11B. mynd. Geysir: Gestir á dag á háönn.	46
12B. mynd. Geysir: Gestir á dag allt mælitímabilið.	46
13B. mynd. Geysir: Bifreiðar á dag á háönn.	46
14B. mynd. Geysir: Bifreiðar á dag allt mælitímabilið.	46

Hakið á Þingvöllum

1C. mynd. Hakið: Kvörðun 16., 17. og 21. júní 2014.	50
2C. mynd. Hakið: Gestir á dag.	51
3C. mynd. Hakið: Gestir á viku.	51
4C. mynd. Hakið: Gestir á mánuði.	52
5C. mynd. Hakið: Gestir á klukkustund á háönn.	53
6C. mynd. Hakið: Gestir á klukkustund allt mælitímabilið.	53
7C. mynd. Hakið: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	53
8C. mynd. Hakið: Bifreiðar á klukkustund allt mælitímabilið.	53
9C. mynd. Hakið: Gestir á dag á háönn.	54
10C. mynd. Hakið: Gestir á dag allt mælitímabilið.	54
11C. mynd. Hakið: Bifreiðar á dag á háönn.	54
12C. mynd. Hakið: Bifreiðar á dag allt mælitímabilið.	54

Hraunfossar

1D. mynd. Hraunfossar: Kvörðun 10. og 12. júlí 2014.	57
2D. mynd. Hraunfossar: Samanburður á teljara (kvarðaður) og teljara Vegagerðarinnar.	58
3D. mynd. Hraunfossar: Gestir á dag.	59
4D. mynd. Hraunfossar: Gestir á viku.....	59
5D. mynd. Hraunfossar: Gestir á mánuði.	60
6D. mynd. Hraunfossar: Gestir á klukkustund á háönn.	61
7D. mynd. Hraunfossar: Gestir á klukkustund allt mælitímabilið.	61
8D. mynd. Hraunfossar: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	61
9D. mynd. Hraunfossar: Bifreiðar á klukkustund allt mælitímabilið.....	61
10D. mynd. Hraunfossar: Gestir á dag á háönn.	62
11D. mynd. Hraunfossar: Gestir á dag allt mælitímabilið.	62
12D. mynd. Hraunfossar: Bifreiðar á dag á háönn.	62
13D. mynd. Hraunfossar: Bifreiðar á dag allt mælitímabilið.....	62

Húsadalur í Þórsörk

1E. mynd. Húsadalur: Kvörðun teljara 26. júlí 2014.....	65
2E. mynd. Húsadalur: Gestir á dag.	66
3E. mynd. Húsadalur: Gestir á viku.	66
4E. mynd. Húsadalur: Gestir á mánuði.....	67
5E. mynd. Húsadalur: Gestir á klukkustund á háönn.	68
6E. mynd. Húsadalur: Gestir á klukkustund allt mælitímabilið.	68
7E. mynd. Húsadalur: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	68
8E. mynd. Húsadalur: Bifreiðar á klukkustund allt mælitímabilið.....	68
9E. mynd. Húsadalur: Gestir á dag á háönn.	69
10E. mynd. Húsadalur: Gestir á dag allt mælitímabilið.....	69
11E. mynd. Húsadalur: Bifreiðar á dag á háönn.....	69
12E. mynd. Húsadalur: Bifreiðar á dag allt mælitímabilið.	69

Jökulsárlón

1F. mynd. Jökulsárlón: Kvörðun 23. ágúst 2014.	73
2F. mynd. Jökulsárlón: Kvörðun, tímafasti 016.	74
3F. mynd. Jökulsárlón: Gestir á dag.	74
4F. mynd. Jökulsárlón: Gestir á viku.....	75
5F. mynd. Jökulsárlón: Gestir á mánuði.	75
6F. mynd. Jökulsárlón: Gestir á klukkustund á háönn.	76
7F. mynd. Jökulsárlón: Gestir á klukkustund allt mælitímabilið.	76
8F. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	77
9F. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á klukkustund allt mælitímabilið.	77
10F. mynd. Jökulsárlón: Gestir á dag á háönn.	77
11F. mynd. Jökulsárlón: Gestir á dag allt mælitímabilið.	77
12F. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á dag á háönn.	78
13F. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á dag allt mælitímabilið.....	78

Seltún

1G. mynd. Seltún: Kvörðun teljara 16. ágúst 2014.	82
2G. mynd. Seltún: Gestir á dag.	83
3G. mynd. Seltún: Gestir á viku.	83
4G. mynd. Seltún: Gestir á mánuði.	84
5G. mynd. Seltún: Gestir á klukkustund á háönn.	85
6G. mynd. Seltún: Gestir á klukkustund allt mælitímabilið.	85
7G. mynd. Seltún: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	85
8G. mynd. Seltún: Bifreiðar á klukkustund allt mælitímabilið.	85
9G. mynd. Seltún: Gestir á dag á háönn.	86
10G. mynd. Seltún: Gestir á dag allt mælitímabilið.	86
11G. mynd. Seltún: Bifreiðar á dag á háönn.	86
12G. mynd. Seltún: Bifreiðar á dag allt mælitímabilið.	86

Sólheimajökull

1H. mynd. Sólheimajökull: Kvörðun teljara 28. júlí 2014.	89
2H. mynd. Sólheimajökull: Fjöldi gesta á dag.	90
3H. mynd. Sólheimajökull: Gestir á viku.	90
4H. mynd. Sólheimajökull: Gestir á mánuði.	91
5H. mynd. Sólheimajökull: Gestir á klukkustund á háönn.	92
6H. mynd. Sólheimajökull: Gestir á klukkustund allt mælitímabilið.	92
7H. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	92
8H. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á klukkustund allt mælitímabilið.	92
9H. mynd. Sólheimajökull: Gestir á dag á háönn.	93
10H. mynd. Sólheimajökull: Gestir á dag allt mælitímabilið.	93
11H. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á dag á háönn.	93
12H. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á dag allt mælitímabilið.	93

Efnisyfirlit - töflur í viðaukum

Djúpalónssandur

1A. tafla. Djúpalónssandur: Kvörðun teljara 23., 25., 27. og 28. júní 2014.	33
2A. tafla. Djúpalónssandur: Gestir á mánuði.	36
3A. tafla. Djúpalónssandur: Áætlun og gögn frá gagnasöfnunartíma.	39
4A. tafla. Djúpalónssandur: Gögn um spurningalista.....	40

Geysir

1B. tafla. Geysir: Gestir á mánuði.....	44
2B. tafla. Geysir: Áætlun og gögn frá rannsóknartíma.....	47
3B.tafla. Geysir: Gögn um spurningalista.	48

Hakið á Þingvöllum

1C. tafla. Hakið: Kvörðun teljara 16., 17. og 21. júní 2014.....	49
2C. tafla. Hakið: Umferð samkvæmt teljara 16. til 22. júní 2014 (kvarðaðar talningar).....	50
3C. tafla. Hakið: Gestir á mánuði.....	52
4C. tafla. Hakið: Áætlun og gögn frá rannsóknartíma.....	55
5C. tafla. Hakið: Gögn um spurningalista.	56

Hraunfossar

1D. tafla. Hraunfossar: Kvörðun teljara 10. og 12. júlí 2014.....	57
2D. tafla. Hraunfossar: Umferð samkvæmt teljara 9.-14. júlí 2014 (kvarðaðar talningar).....	58
3D. tafla. Hraunfossar: Gestir á mánuði.....	60
4D. tafla. Hraunfossar: Áætlun og gögn frá rannsóknartíma.....	63
5D. tafla. Hraunfossar: Gögn um spurningalista.	64

Húsadalur í Þórsmörk

1E. tafla. Húsadalur: Kvörðun teljara 26. júlí 2014.	65
2E. tafla. Húsadalur: Gestir á mánuði.	67
3E. tafla. Húsadalur: Áætlun og gögn frá rannsóknartíma.	70
4E. tafla. Húsadalur: Gögn um spurningalista.....	71

Jökulsárlón

1F. tafla. Jökulsárlón: Kvörðun teljara 23. ágúst 2014.	73
2F. tafla. Jökulsárlón: Gestir á mánuði.....	76
3F. tafla. Jökulsárlón: Áætlun og gögn frá rannsóknartíma.	79
4F. tafla. Jökulsárlón : Gögn um spurningalista.	80

Seltún

1G. tafla. Seltún: Kvörðun teljara 16. ágúst 2014.	81
2G. tafla. Seltún: Gestir á mánuði 2014.	84
3G. tafla. Seltún: Gögn frá rannsóknartíma.	87
4G. tafla. Seltún: Gögn um spurningalista.	88

Sólheimajökull

1H. tafla. Sólheimajökull: Kvörðun teljara 28. júlí 2014.....	89
2H. tafla. Sólheimajökull: Gestir á mánuði.....	91
3H. tafla. Sólheimajökull: Áætlun og gögn frá rannsóknartíma.....	94
4H. tafla. Sólheimajökull: Gögn um spurningalista.	95

1 Inngangur

Ísland er orðinn vinsæll áfangastaður og erlendum ferðamönnum hefur fjölgað mikið undanfarna áratugi. Síðastliðin 30 ár hefur árleg fjölgun verið tæplega 8% að meðaltali. Á árunum 2010 til 2012 var hún rúmlega 17% og 2012 til 2013 var hún 20%. Það sem af er ársins 2014 hefur fjölgunin haldið áfram (Ferðamálastofa, 2014c). Sérstæð og fjölbreytileg náttúra er aðalaðráttarafl landsins, en yfir sumarmánuðina koma um 80% erlendra ferðamanna til landsins vegna hennar og um 70% yfir vetrartímamann (Ferðamálastofa, 2014a). Íslendingar ferðast einnig töluvert um eigið land þótt þeir séu í minnihluta á flestum náttúruskoðunarstöðum (Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl., 2013).

Árstíðasveifla í komu ferðamanna til Íslands er töluverð. Sumarið (júní til ágúst) 2013 komu 44% erlendra ferðamanna til landsins með flugi. Rúmlega fjórðungur kom á jaðartímanum, þ.e. að vori (apríl til maí) eða hausti (september til október) og um fjórðungur að vetri (janúar til mars og nóvember til desember) (Ferðamálastofa, 2014a). Auk þess voru tæplega 227 þúsund dagsferðir farþega með skemmtiferðaskipum til landsins, nær allar um sumarið. Um 96% farþega skemmtiferðaskipa sem koma til landsins hafa viðkomu í Reykjavík (Ferðamálastofa, 2014b). Samkvæmt rannsókn meðal brottfararfarþega á Keflavíkurflugvelli eru vinsælustu náttúruskoðunarstaðir ferðamanna yfir sumarið á Gullna hringnum, en um 70% erlendra ferðamanna skoðuðu Þingvelli, Gullfoss og Geysi. Auk þess fóru um 30% þeirra á Snæfellsnes og um fjórðungur um Borgarfjörð (Markaðs- og miðlarannsóknir ehf, 2012b).


Í ljósi fyrrgreinds og að erlendar rannsóknir hafa sýnt að ánægja ferðamanna á náttúruskoðunarstöðum minnkar með vaxandi fjölda ferðamanna (Simón, Narangajavana og Marqués, 2004) óskaði Ferðamálastofa eftir að rannsökuð yrðu þolmörk ferðamanna og fjöldi þeirra á fjölförnum áfangastöðunum á Suður- og Vesturlandi. Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri og Anna Dóra útfærðu þann verkþátt sem snýr að viðhorfum ferðamanna og var skrifað undir samning í lok árs 2013. Talningar á ferðamönnum byggist á fyrri rannsóknum Rögnvalds Ólafssonar og aðferðum sem hafa verið þróaðar, bæði að Fjallabaki og í samvinnu við Regínu Hreinsdóttur þjóðgarðsvörð í Skaftafelli. Staðirnir sem valdir voru til skoðunar eru: Djúpalónssandur, Geysir, Hakið á Þingvöllum, Hraunfossar, Húsadalur í Þórsmörk, Jökulsárlón, Seltún og Sólheimajökull (1. mynd). Spurningalistunum var dreift á þremur tímabilum, sumar, haust og vetur. Tveimur tímabilum er nú lokið, sumri og hausti en

Þriðja lotan hefst í febrúar árið 2015. Talningar á ökutækjum halda óslitið áfram fram á haustið 2015.

Markmið rannsóknarinnar er að kanna:

1. Hvert aðdráttarafl staðanna er, hvernig ferðamenn skynja staðina, hversu ánægðir þeir eru með heimsókn sína, hvort aðrir ferðamenn hafi áhrif á upplifun þeirra og hvort ferðamenn sjái ummerki um skemmdir á náttúrunni vegna ferðamennsku.
2. Hvort greina megi árstíðabundinn mun á fyrrgreindum atriðum.
3. Hver fjöldi ferðamanna á hverjum stað er og hvernig hann dreifist eftir tíma (þ.e. yfir árið, viku og á sólarhring).

Í þessari skýrslu er greint frá þeim aðferðum sem var beitt við gagnaöflun í verkefninu og birtar fyrstu niðurstöður talninga á ökutækjum.



1. mynd. Gagnasöfnunarstaðirnir.

2 Spurningakönnunin

2.1 Undirbúningur gagnasöfnunar

Á 2. mynd koma fram helstu þrep í undirbúningi gagnasöfnunar. Gagnaöflun hefst með því að skilgreina þýðið og útbúa tæmandi lista yfir alla einstaklinga í þýðinu, svokallaðan úrtaksramma. Dæmi um úrtaksramma eru allir sem eiga lögheimili í Reykjavík. Síðan er tekið úrtak úr úrtaksrammanum, þ.e. einstaklingar valdir af handahófi úr honum. Næsta skref er að velja úrtökuaðferð. Almennt gefa slembiúrtök (e. *random sampling*) eða lagskipt úrtök (e. *stratified sampling*) besta mynd af þýðinu, en þá eiga allir einstaklingar jafna möguleika á því að lenda í úrtakinu. Slembiúrtak og lagskipt úrtak er síður bjagað en hentugleikaúrtak (e. *non random sampling*).



2. mynd. Undirbúningur gagnasöfnunar.

Vandi við gerð úrtaksramma á ferðamannastöðum er hins vegar að þýðið er óþekkt og síbreytilegt. Því er mikilvægt að huga sérstaklega að úrtökuaðferðinni. Vegna þess að fyrri rannsóknir hafa sýnt að munur geti verið á viðhorfum hópferðamanna og þeirra sem ferðast á eigin vegum (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2009) var ákveðið að lagskipta úrtakinu með hliðsjón af þessum tveimur hópum.

Flestar af þeim spurningum sem voru á spurningalistunum sem lagðir voru fyrir hið lagskipta úrtak hafa verið notaðar í fyrri rannsóknum um þolmörk ferðamanna, bæði á hálendinu og á þremur láglandssvæðum; í Mývatnssveit, Jökulsárgljúfri og Skaftafelli (Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl., 2013; Anna Dóra Sæþórsdóttir og Gyða Þórhallsdóttir, 2013). Í þessari rannsókn var spurningalistinn aðlagður að þeim átta stöðum sem voru til skoðunar nú, en í grunninn eru spurningarnar eins. Dæmi um spurningalista má finna í viðauka I, en í meginráttum skiptist spurningalistinn í eftirfarandi þemu:

- Aðdráttarafl staðarins
- Ánægja og upplifun af staðnum
- Áhrif annarra ferðamanna á upplifun
- Dvalarlengd
- Hvers vegna var komið til Íslands á þessum tíma
- Ferðamáti og ferðafélagar
- Gisting
- Bakgrunnsbreytur; þjóðerni, starf, kyn og aldur
- Dagsetning þegar spurningalista var svarað

2.2 Stærð úrtaks

Í ljósi mikilvægis úrtökuaðferðar við rannsóknir á ferðamannastöðum er mikilvægt að huga að stærð úrtaksins. Stærð úrtaksins hefur áhrif á nákvæmni í niðurstöðum og möguleika á greiningu. Á móti kemur að því stærra sem úrtakið er því dýrari verður gagnasöfnunin. Stærð þýðisins hefur lítil áhrif á hversu stórt úrtakið þarf að vera nema þegar þýðið er lítið (1. tafla) (Veal, 2006). Eins og sést í 1. töflu fer stærð þýðis ekki að hafa teljandi áhrif á hve stórt úrtak þarf fyrir gefna nákvæmni fyrr en þýðið telur færri en 50.000 einstaklinga.

Til að vera viss um að úrtakið væri nægilega stórt þurfti, áður en gagnasöfnun hófst, að áætla þann fjölda sem yrði á hverjum stað fyrir sig. Það var gert út frá ýmsum gögnum á hverjum stað fyrir sig.

Við Djúpalónssand voru notuð gögn frá Vegagerðinni sem gerði þar skynditalningu á ökutækjum árið 2010 (Vegagerðin, 2012b), en þær tölur voru síðan reiknaðar fram til ársins 2014. Við Sólheimajökul og Hraunfossa voru notuð gögn frá talningum Vegagerðarinnar sumarið 2013 (Vegagerðin, 2014a, 2014b). Við Jökulsárlón voru notuð gögn frá Rögnavaldi Ólafssyni frá árinu 2012, en við Jökulsárlón hafa ökutæki verið talin síðan árið 2009 (Rögnavaldur Ólafsson, 2012). Til að áætla fjölda ferðamanna á Þingvöllum, Geysi og í Þórsmörk voru notuð gögn úr rannsókn sem gerð var sumarið 2011 meðal erlendra

ferðamanna á Keflavíkurflugvelli þar sem m.a. var spurt um hvaða staði þeir hefðu heimsótt á ferð sinni um Ísland (Markaðs- og miðlarannsóknir ehf, 2012a). Þær upplýsingar voru síðan reiknaðar fram til sumarsins 2014. Við Seltún voru engin gögn fyrir hendi, þar var því rennt blint í sjóinn varðandi fjölda ferðamanna á þeim stað.

1. tafla. Stærð úrtaks með tilliti til þýðis.

Stærð þýðis	Minnsta úrtak sem gefur öryggismörk 95% og öryggisbil +/-2-5%	
	+/-5%	+/-2%
Óendanleg	384	2.401
10.000.000	384	2.400
5.000.000	384	2.400
1.000.000	384	2.395
500.000	384	2.390
100.000	383	2.345
50.000	381	2.291
25.000	378	2.191
20.000	377	2.144
10.000	370	1.936
5.000	357	1.622
2.000	322	1.091
1.000	278	706
500	217	414
200	132	185
100	80	96
50	44	49

Heimild: (Veal, 2006).

Til að áætla úrtaksstærðina var notast við 95% öryggismörk og frá +/-2% og upp í +/-5% öryggisbil (sjá viðauka A til H) eins og 1. tafla sýnir. Það þýðir að hægt er að segja með 95% vissu að úrtakið endurspeglir þýðið með 2% til 5% nákvæmni (Finn, Elliott-White og Walton, 2000; Veal, 2006).

Áætla þurfti aukningu á milli ára, þ.e. frá árinu 2013 til 2014 og var gert ráð fyrir að aukningin væri 12% sem er fjölgun ferðamanna í júlí og ágúst á milli áruna 2012 til 2013 (miðað við talningu ferðamanna í Leifsstöð). Á þeim stöðum þar sem einungis voru til eldri gögn en frá sumrinu 2013 þurfti að gera frekari nálganir um fjölgun ferðamanna (2. tafla og viðaukar A til H). Niðurstöður áætlaðrar úrtaksstærðar sem nauðsynleg var á hverjum stað innan skilgreinds öryggismarks má sjá í 2. töflu.

2. tafla. Áætluð úrtaksstærð eftir rannsóknarstöðum.

	Áætlaður fjöldi gesta á gagnasöfnunartíma sumarið 2014	Fjöldi svara til að uppfylla 95% öryggismörk og +/- 2 til 5% öryggisbil	
		2%	5%
Hakið á Þingvöllum	23.168	2.176	378
Djúpalónssandur	4.580	1.575	355
Sólheimajökull	2.945	1.323	340
Hraunfossar	5.916	1.708	361
Jökulsárlón	15.861	2.085	375
Húsadalur í Þórsmörk	4.344	1.547	353
Geysir	23.168	2.176	378
Seltún	Óþekktur		

2.3 Framkvæmd spurningakönnunarinnar

Spurningakönnun sumarsins 2014 hófst á Hakinu á Þingvöllum um miðjan júní og lauk um miðjan ágúst í Seltúni. Um haustið var spurningalistum dreift frá því í lok september og fram í fyrstu vikuna í nóvember. Dvalið var í eina viku á hverjum stað fyrir utan Sólheimajökul, Jökulsárlón og Hraunfossa en þar var viðverutími spyrsla stytur í sumarkönnuninni í 5-6 daga vegna slæms veðurs. Á fjölmennari stöðum voru þrír til fjórir spyrjar, tveir á þeim fámennari og í Húsadal í Þórsmörk var einn spyrill. Spyrjar voru að jafnaði að störfum allan daginn (**Error! Reference source not found.. tafla**).

3. tafla. Gagnasöfnunardagar og tímar sumarið og haustið 2014.

	Sumar	Haust
Djúpalónssandur	23.-29. júní	17.-23. okt.
Geysir	5.-11. ágúst	13.-19. okt.
Hakið	16.-22. júní	29. sept.-5. okt.
Hraunfossar	9.-14. júlí	8.-14. okt.
Húsadalur	25.-31. júlí	6.-12. okt.
Jökulsárlón	18.-22. júlí	6.-12. okt.
Seltún	12.-18. ágúst	1.-7. nóv.
Sólheimajökull	2.-6. júlí	24.-30. okt.

Allir sem gengu fram hjá spyrjum eftir að þeir höfðu skoðað staðinn voru beðnir um að svara spurningalistanum. Undantekning frá þessu var þegar spyrjar voru að kynna rannsóknina fyrir öðrum ferðamönnum eða ganga frá svörum spurningalistum. Í öðrum

verkefnum rannsakenda hefur oft gengið illa að fá ferðamenn í skipulögðum hópferðum til að svara vegna þess hve dvöl þeirra á staðnum er stutt og tímarammi þeirra þröngur. Við gagnaöflun þessa verkefnis voru því leiðsögumenn oftast beðnir um að taka með sér spurningalista í rútuna og hópferðamennirnir fengnir til að svara á leiðinni frá áfangastaðnum. Leiðsögumennirnir fengu frímerkt umslag hjá spýrlum og voru beðnir um að senda spurningalistana til baka með pósti.

Spurningalistinn var á íslensku og þremur erlendum tungumálum, þ.e. ensku, þýsku og frönsku. Þeir sem ekki tala þessi tungumál voru því útilokaðir frá rannsókninni. Allt þetta getur valdið bjögun sem erfitt er að komast hjá.

Spýrlar skráðu í dagbók ýmsar upplýsingar á vettvangi, t.d. upplýsingar um veður, fjölda spurningalista sem var dreift, sundurliðað eftir ferðamáta og tungumáli spurningalista, einnig sérstakar aðstæður sem komu upp. Auk þess voru rútur taldar og fjöldi farþega talinn í hverri rútu. Veður setti stundum strik í reikninginn, en afar votviðrasamt var á Suður- og Vesturlandi sumarið 2014. Þrátt fyrir það tóku flestir, af þeim sem spýrlar náðu til, vel í að taka þátt í spurningakönnuninni. Þegar veðrið var sem verst tóku ferðamenn oft listana með sér inn í bíl og svöruðu þar.

Betra hefði verið að dvelja ekki viku í senn á hverjum stað heldur dreifa gagnasöfnunardögumum yfir sumarið til að fá dreifðara úrtak á hverjum stað. Gera má ráð fyrir að mismunandi markhópar ferðist á mismunandi tímum sumarsins og því hefði dreifðari tímasetning gefið víðtækari niðurstöður. Sem dæmi má nefna að fjölskyldur eru að jafnaði bundnari við að ferðast um hásumarið vegna sumarleyfa í skólum. Þá má ætla að aldursdreifing ferðamanna sé mismunandi eftir tíma og að barnlaust fólk ferðist frekar utan háannatíma. Sumarleyfi eru einnig mismunandi eftir löndum og því ferðast þjóðir á mismunandi tíma (Lundtorp, Rassing og Wanhill, 2001). Mun kostnaðarsamara er hins vegar að dreifa gagnasöfnuninni á hverjum stað meira yfir sumarið og vegna fjárhagsramma verkefnisins var það látið ógert.

2.4 Úrvinnsla og lagskipting úrtaksins

Eftir gagnasöfnun voru svör þátttakenda tölvuskönnuð hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri sem skilaði gögnunum sem SPSS skrá. Til að niðurstöður spurningakönnunarinnar endurspegli rétta samsetningu þýðisins var eins og áður segir ákveðið að lagskipta úrtakinu

með hliðsjón af því hvort um var að ræða hópferðamenn eða ferðamenn á eigin vegum. Til þess að greina svörin eftir þeirri lagskiptingu var notuð spurningin: Hvernig ferðast þú?

Svarmöguleikarnir voru:

- Í einkabíl
- Í bílaleigubíl
- Í hópferðabíl
- Á mótórhjól/fjór hjóli
- Hjólandi
- Gangandi
- Skemmtiferðaskip
- Á stórum ferðaþjónustujeppa
- Öðruvísi, hvernig?

Svarmöguleikarnir voru síðan flokkaðir niður eftir lagskiptingunni, ferðamaður á eigin vegum eða hópferðamaður (4. tafla).

4. tafla. Lagskipting úrtaksins eftir ferðamáta.

Ferðamaður á eigin vegum	Hópferðamaður
Einkabíll	Rúta
Bílaleigubíll	Skemmtiferðaskip
Mótórhjól/fjór hjól	Ferðaþjónustujeppi
Hjól	
Gangandi	

Spurningin gaf kost á að fleiri en einn svarmöguleiki væri valinn og ef það var gert voru eftirfarandi reglur notaðar. Ef einungis voru valdir svarmöguleikar sem tilheyrðu öðrum hvorum floknum, t.d. að ferðamaðurinn væri bæði í einkabíl, bílaleigubíl og á hjóli, var hann settur sem ferðamaður á eigin vegum. Sama gilti um hópferðamenn, ef ferðamaðurinn valdi einungis þá flokka sem skilgreina hópferðamenn, var hann flokkaður sem hópferðamaður. Ef ferðamaður valdi hins vegar ferðamáta sem tilheyrta sitt hvorum floknum var svar hans ekki tekið með í lagskipta úrtakinu. Undantekning var að þeir sem sögðust vera bæði í rútu og gangandi voru skilgreindir sem hópferðamenn. Þeir sem ekki svöruðu spurningunni um ferðamáta voru ekki teknir með í frekari tölfræðigreiningu.

Úrtakið endurspeglar ekki endilega þýðið, þ.e. hlutfall svaraðra spurningalista er ekki endilega í samræmi við raunverulega lagskiptingu þýðisins. Því var reiknuð vigt fyrir hvort lag, til að ýmist auka eða minnka vægi lagsins í úrtakinu þannig að það væri í samræmi við vægi lagsins í þýðinu. Til að geta leiðrétt úrtakið þannig þarf að þekkja bæði fjölda og hlutfallslegan fjölda ferðamanna í hvoru lagi þýðisins.

Eftirfarandi dæmi sýnir hvernig þetta var gert. Gerum ráð fyrir að á ákveðnum áfangastað séu hópferðamenn 40% ferðamanna en ferðamenn á eigin vegum 60%. Eftir að spurningalistum hefur verið safnað kemur í ljós að 70% svaraðra spurningalista eru frá hópferðamönnum, en 30% frá ferðamönnum á eigin vegum. Því þarf að minnka vægi spurningalista frá hópferðamönnum en auka vægi spurningalista frá ferðamönnum á eigin vegum sem nemur mismuninum á þýði og úrtaki.

Vigtarstuðull Pie fyrir svör frá ferðamönnum á eigin vegum er fundinn með því að deila fjölda þeirra í þýðinu (N_e) með fjölda svaraðra spurningalista (n_e), $Pie = \frac{N_e}{n_e}$. Vigtarstuðull fyrir hópferðamenn er fundinn með sams konar formúlu. Með vigtarstuðlunum má síðan reikna vegið meðaltal svaranna. Vigta þarf hverja spurningu fyrir sig því mismunandi er hve margir svara hverri spurningu. Í 4. kafla er farið ítarlega í vigtun úrtaksins miðað við þýðið.


3 Mat á umferð og fjölda ferðamanna

3.1 Uppsetning og kvörðun bifreiðateljara

Erlendir ferðamenn eru taldir þegar þeir yfirgefa landið en litlar upplýsingar eru til um hvert þeir fara á meðan á dvöl þeirra stendur hér á landi. Reynt hefur verið að nálgast þessar upplýsingar með því að spyrja þá við eða eftir brottför hvert þeir hafi farið í ferð sinni. Reynslan bæði hér og erlendis sýnir að slík gögn eru ekki áreiðanleg, vegna þess að fólk veit ekki eða man ekki hvað staðirnir heita, enda örnefni heimafélks oft erfið gestum. Auk þessara kannanna meðal erlendra gesta hafa verið gerðar kannanir meðal Íslendinga um hvert þeir hafi ferðast (Markaðs- og miðlarannsóknir ehf, 2014) og má reikna með að þær gefi réttari mynd af því hvaða áfangastaði þeir heimsóttu. Staða þekkingar er því sú að ekki er vitað hve margir gestir eru á helstu áfangastöðum landsins, en slíkar upplýsingar eru hins vegar lykilatriði fyrir ákvarðanir um skipulag og rekstur ferðamannastaða, undirbúning innviða, t.d. bílastæða og salerna, við skipulag vega og stíga og ekki síst við mat á nauðsynlegum úrtaksstærðum við gerð spurningakannana.

Í þessari rannsókn var mæld umferð ökutækja á aðkomuleiðum áfangastaðanna með bifreiðateljrum. Á stöðum þar sem aðeins er ein aðkomuleið er þetta frekar ódýr og áreiðanleg aðferð til að finna fjölda gesta ef vandað er til kvörðunar eins og skýrt er hér að neðan.

Bifreiðateljararnir sem voru notaðir í þessari rannsókn skynja farartæki með segulskynjara sem skynjar breytingu á segulsviði jarðar þegar farartæki fara hjá. Því þarf ekki slöngur yfir veg eða víra undir yfirborð vegar eins og á þeim teljum sem mest hafa verið notaðir hér á landi hingað til. Það nægir að koma teljaranum fyrir í vegkanti og skynjar hann þá farartæki sem eru í allt að 6 m fjarlægð. Teljararnir eru litlir, um 10x15x5cm og eru í vatnspéttum plastkassa (3. mynd). Þeim var komið fyrir í öðrum vatnspólnum kassa sem var festur við staur sem grafinn var niður í vegkantinn og falinn með grjóti eða torfi (4. mynd). Rafhlöður teljaranna endast í hálf til heilt ár.




3. mynd. Teljari.



4. mynd. Bifreiðateljara komið fyrir í vegkanti.

Teljararnir eru stilltir til að skrá á hverjum heilum tíma allar bifreiðar sem hafa farið hjá á síðustu klukkustund. Þeir geyma gögnin og hafa nægilegt minnisrými til að geyma talningu á klukkustundar fresti í heilt ár. Þó er ráðlegt að lesa af þeim á nokkurra mánaða fresti til að tryggja að ekki tapist of mikið af gögnum ef tæknileg vandamál koma upp. Teljararnir telja öll ökutæki sem fara um veginn í báðar áttir og ekki er hægt að skilja á milli umferðar eftir stefnu. Teljararnir gera ekki mun á stórum og litlum farartækjum, t.d. ekki rútum og einkabílum. Reynt var að skilja á milli þeirra með því að setja teljara í mismunandi fjarlægðir frá vegi þannig að teljari í meiri fjarlægð skynjaði aðeins stóra bíla. Teljararnir eru frekar auðveldir í uppsetningu og meðfærilegir að vinna með. Velja þarf talningarstaðina af nokkurri kostgæfni. Æskilegt er að teljararnir séu þar sem ekið er á jöfnum hraða fram hjá þeim og helst þar sem litlar líkur eru á að bílar mætist, en þá gætu tvö ökutæki talist sem eitt. Helstu skekkjuvaldar eru mætingar og að langir hægfara bílar teljist tvisvar. Velja þarf hæfilegan tímafasta fyrir teljarann sem er best gert með því að prófa tvo teljara með mismunandi tímafasta og bera saman við handtalningu. Mismunandi er eftir stöðum hve mikið er um mætingar bíla og aðrar skekkjur. Því er hver staður kvarðaður með því að handtelja í einn dag eða nokkra daga allar bifreiðar sem fara fram hjá teljaranum og bera niðurstöðuna saman við talningar teljarans. Þetta er síðan sett upp í kvörðunargraf þar sem hallatala grafsins segir til um með hvaða fasta þarf að margfalda talningarnar (5. mynd). Í handtalningunni er farartækjum einnig skipt í einkabíla (9 manna og færri) og rútur og fæst þá hve hátt hlutfall farartækja eru rútur. Sem dæmi má nefna að 89% farartækja í Skaftafelli reyndust vera einkabílar og 11% rútur (5. tafla). Þetta hlutfall þarf að finna fyrir hvern og einn áfangastað.



5. mynd. Skaftafell: Dæmi um kvörðun teljara við heimreiðina.

5. tafla. Skaftafell: Hlutfall einkabíla og rúta.

	Fjöldi	Hlutfall
Einkabílar	4.106	89%
Rútur	502	11%
Alls	4.608	100%


Niðurstöður talninganna hafa verið bornar saman við bifreiðateljara Vegagerðarinnar á heimreiðinni að Skaftafelli og reyndist gott samræmi vera þar á milli (6. tafla). Í aðkeyrslunni að Hraunfossum er einnig teljari frá Vegagerðinni og fékkst þar einnig gott samræmi (Viðauki D).

Til að greina fjölda fólks frá fjölda ökutækja þarf að finna meðalfjölda í einkabílum og rútum með því að telja hversu margir einstaklingar eru í hverju ökutæki. Meðalfjöldi fólks sem kom í einkabíl til Skaftafells var fundinn með því að telja fjölda einstaklinga í 952 einkabílum sem komu þangað á árunum 2009 til 2013. Niðurstöður þeirra talninga var að í einkabílum voru að meðaltali 2,6 ferðamenn (6. mynd). Það kemur heim og saman við talningar í umferðarkönnunum sem Vegagerðin gerði sumrin 2007-2011 í tengslum við stórar

framkvæmdir (6. tafla). Fyrirnefndar talningar út úr einkabílum í Skaftafelli og umferðakönnun Vegagerðarinnar gefa til kynna að meðalfjöldi í einkabílum sé nánast sá sami alls staðar á landinu. Í þessari rannsókn er gert ráð fyrir að meðalfjöldi í einkabíl sé 2,6 (Vegagerðin, 2008a, 2008b, 2012a).

6. tafla. Meðalfjöldi fólks í ökutækjum samkvæmt umferðarkönnunum Vegagerðarinnar borinn saman við handtalningu í Skaftafelli.

	Umferðarkannanir Vegagerðarinnar								Skaftafell	
	Meðalfjöldi í ökutæki				Hlutfall ökutækja				Meðalfjöldi í ökutæki	Hlutfall ökutækja
	Sumar		Vetur		Sumar		Vetur			
Virka daga	Helgi	Virka daga	Helgi	Virka daga	Helgi	Virka daga	Helgi			
Einkabílar	2,64	2,65	2,11	2,55	98%	97%	99%	99%	2,60	88%
Rútur	15,38	18,16	14,62	15,22	2%	3%	1%	1%	13,89	12%
Alls									3,99	100%



6. mynd. Skaftafell: Fjöldi í einkabílum.

Hlutfall rúta af öllum farartækjum og meðalfjöldi farþega í rútum er hins vegar breytilegur milli staða og tíma og þarf því að finna hvort tveggja á hverjum áfangastað. Til að finna hlutfallið á milli einkabíla og rúta voru rútur taldar af spyrjum á viðverutíma þeirra. Sú tala var síðan dregin frá heildarfjölda farartækja (fengin úr bifreiðateljara) til þess að fá fjölda einkabíla. Heildarfjöldi farþega í rútum var fenginn með því að spyrja bílstjóra eða leiðsögumenn um fjölda farþega í hverri rútu. Meðalfjöldi farþega í rútu er meðaltal þessara

talninga. Niðurstöður frá Skaftafelli á árunum 2009 til 2013 eru sýndar í 7. töflu. Eftir þessa rannsókn liggja að auki fyrir niðurstöður frá átta áfangastöðum ferðamanna á Suður- og Vesturlandi (8. tafla).

7. tafla. Skaftafell: Meðalfjöldi í ökutæki.

	Ökutæki		Fjöldi fólks í ökutæki		
	Fjöldi	Hlutfall	Meðaltal	Alls	Hlutfall
Einkabílar	952	88%	2,60	2.477	88%
Rútur	133	12%	13,89	1.847	12%
Alls	1.085	100%	3,99	4.324	100%

Mat á fjölda ferðamanna á áfangastöðunum átta byggist á talningu á umferð ökutækja. Til að áætla fjölda var nauðsynlegt að vita hve margir voru í þeim farartækjum sem talin voru. Meðalfjöldi farþega í rútu var breytilegur á milli áfangastaða. Um sumarið var meðalfjöldi farþega í rútu hæstur við Geysi (31) og svo á Hakinu (25). Þess ber að gæta að við Hakið var spurningalistum safnað um miðjan júní en um miðjan ágúst við Geysi sem getur haft áhrif á meðalfjölda í rútu. Við Seltún var meðalfjöldi í rútu lægstur (15). Um haustið var meðalfjöldi í rútu hæstur við Sólheimajökul (28) en lægstur í Húsadal (4).

Fjöldi rúta sem kom á staðina var einnig breytilegur. Í þeirri viku sem spýrlar söfnuðu spurningalistum (viðverutíma spýrla) um sumarið komu flestar rútur á Hakið (409) og á Geysi (210). Fæstar rútur komu að Sólheimajökli (31) og í Húsadal (34). Um haustið komu einnig flestar rútur að Geysi (211) og á Hakið (175). Um haustið komu fæstar rútur að Djúpalónssandi (4) og í Húsadal (7) (8. tafla).

Yfirleitt var meðalfjöldi farþega í rútu hærri um sumarið en um haustið. Munurinn var þó misjafnlega mikill á milli áfangastaða. Að Sólheimajökli komu margar rútur um haustið og voru breskir skólahópar fjölmennir þá viku sem gögnum var safnað. Þess ber þó að gæta að gögnum var safnað í 5 daga að sumrinu en 7 að haustinu (8. tafla).

8. tafla. Meðalfjöldi farþega í rútu og fjöldi rúta að sumri og hausti.

	Sumar		Haust	
	Meðalfjöldi farþega í rútu	Fjöldi rúta	Meðalfjöldi farþega í rútu	Fjöldi rúta
Djúpalónssandur	21	53	22	4
Geysir	31	210	25	211
Hakið á Þingvöllum	25	409	24	175
Húsadalur í Þórsmörk	21	34	4	7
Hraunfossar	23	91	20	19
Jökulsárlón	21	138	17	40
Seltún	15	70	13	19
Sólheimajökull	23	31	28	122

3.2 Meðhöndlun gagnasafnsins

Þar sem teljararnir skrá umferð ökutækja á klukkutíma fresti allan sólarhringinn safnast upp mikið af gögnum sem erfitt getur verið að fá yfirlit yfir. Til að fá sem best yfirlit yfir umferðina er unnið úr gögnunum á fimm ólíka vegu og segir hver úrvinnsla sína sögu:

1. *Heildarumferð á sólarhring.* Þannig má sjá sveiflur sem verða vegna t.d. frídags verslunarmanna, veðurs og hvenær mesta umferðin er.
2. *Heildarumferð yfir árið, hvern mánuð, hluta árs eða allt tímabilið sem um ræðir.* Óvarlegt er að taka meðaltöl yfir löng tímabil þar sem fjöldi ferðamanna er venjulega mjög breytilegur yfir árið.
3. *Meðaldreifing umferðar eftir tíma sólarhrings, reiknað fyrir hverja klukkustund.* Þessi sýn gefur hugmynd um hvenær sólarhringsins er háannatími sem varpar meðal annars ljósi á álagstíma á salerni og aðra innviði.
4. *Dreifing umferðar eftir vikudögum.* Með þessari sýn má t.d. sjá hvort umferðin sé öðruvísi um helgar en á virkum dögum, eða hvort umferðin sé meiri ákveðna vikudaga en aðra.
5. *Reiknað meðaltal umferðar á vikutímabili.* Þannig sést betur hvernig umferðin breytist án þess að sveiflur milli daga trufli.

4 Niðurstöður

4.1 Vigtun gagna með hliðsjón af samsetningu þýðisins

Þegar borinn er saman fjöldi ferðamanna eins og hann var áætlaður áður en rannsóknin fór fram (2. tafla) og raunverulegur fjöldi ferðamanna á gagnasöfnunartímanum (9. tafla) má sjá að áætlunin stóðst í megindráttum. Undantekning var að á þremur stöðum komu þó nokkuð færri en áætlað var, þ.e. að Djúpalónssandi, á Hakið og í Húsadal (2. og 9. tafla). Þess ber að gæta að veður var mjög slæmt á gagnasöfnunartíma við Djúpalónssand sem getur hafa haft áhrif á komu ferðamanna þangað. Gögnum var safnað á Hakinu í júní áður en aðal ferðamannatímabilið hófst. Einnig að áætlun um fjölda ferðamanna í Húsadal miðaðist við Þórsmörk í heild því erfitt var að aðgreina hvert ferðamenn færu innan Þórsmerkur.

